

Nd.

469. Frumvarp til laga

[249. mál]

um breyting á lögum nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt, og lögum nr. 50 frá 26. maí 1972, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til maka, niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungs hluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af hverjum arfshluta:

Af fyrstu 1 200 þúsundum króna 5 af hundraði.

Af næstu 1 200 þúsundum króna 6 af hundraði.

Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverjum 1 200 þúsundum króna sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur náð 10 hundraðshlutum.

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af hverjum arfshluta:

Af fyrstu 1 200 þúsundum króna 15 af hundraði.

Af næstu 1 200 þúsundum króna 17 af hundraði.

Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 2 af hundraði á hverjum 1 200 þúsundum króna, sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur náð 25 hundraðshlutum.

- C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir staflið A eða B hér að framan eða til fjarskyldra erfingja eða óskyldra skal svara af hverjum arfshluta:
Af fyrstu 1 200 þúsundum króna 30 af hundraði.
Af næstu 1 200 þúsundum króna 34 af hundraði.
Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 4 af hundraði á hverjum 1 200 þúsundum króna, sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur náð 50 hundraðshlutum.
- D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, féлага, líknar- og menningarstofnana, skal greiða 10 af hundraði.

2. gr.

Í stað „10 000“ í 1. mgr. 6. gr. komi: 60 000.

3. gr.

Í stað „100 000“ í fyrri málsgr. 12. gr. komi: 600 000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til þeirra búa, sem skipt er eftir gildistöku þeirra, en fram til þess gilda óbreyttar fyrri reglur um álagningu erfðafjárskatts.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi lög um erfðafjárskatt eru að stofni til frá árinu 1921 og hafa ekki tekið öðrum breytingum en þeim, sem gerðar voru með lögum nr. 50 frá 26. maí 1972. Þau lög voru sett vegna þeirrar röskunar sem orðin var á skattstiganum vegna stórfelldra verðbreytinga og þeirrar hækkunar á fasteignamati, sem tók gildi um áramótin 1971/1972. Til þess að veða á móti þessari röskun voru skattþrepin stækkuð og hundraðshlutar skattsins hækkaðir.

Um áramótin 1976/1977 tók nýtt fasteignamat gildi. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins var þar að meðaltali um 5½ falda hækkun á fasteignamati frá 1971 að ræða. Með nýju fasteignamati, er tók gildi hinn 1. janúar 1978 hækkaði mat á fasteignum enn að meðaltali um 33—34% og framvegis mun fasteignamatið breytast árlega til samræmis við verðlag á hverjum tíma sbr. lög nr. 94/1976.

Í þeim dánarbúum þar sem stighækkandi skatts gætir fyrst og fremst, þ. e. í smáum búum, eru fasteignir yfirgnæfandi þáttur skattstofnsins. Er því eðlilegt að verðbreytingar á fasteignum ráði mestu við álagningu erfðafjárskatts.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir neinum grundvallarbreytingum á gildandi erfðafjárskattslögum fremur en gert var með lögnum frá 1972. Hér er aðeins um að ræða breytingar á skattstiganum, sem rétt og nauðsynlegt virðist að gera vegna stórfelldra hækkana á fasteignamati. Erfðafjárskatturinn fer stighækkandi eftir fjárhæð þeirri, sem til arfs fellur, þar til ákveðnu hámarki er náð, en það hámark er mismunandi eftir erfðaflokkum. Í gildandi lögum eru þessi stig eða skattþrep miðuð við 200 þús. kr., en nú er lagt til að þau miðist við 1200 þús. kr. Gert er ráð fyrir að hundraðshluti erfðafjárskattsins verði óbreyttur.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki sérstakra skýringa.